

24. febrúar 2021

Skólaráðsfundur Ártúnsskóla

Fundurinn að þessu sinni var í fjarbúnaði vegna covid 19 og Guðrún Bára stýrði fundinum. Fulltrúar í foreldrafélaginu voru boðaðir á fundinn, það er gert einu sinni á ári og þeir boðnir sérstaklega velkomnir.

Fjárhagsstaða um áramót er góð, skólinn er réttu megin við núllið en lítið má út af bera svo halda þarf afar vel utan um reksturinn.

Öskudagur heppnaðist vel, öðruvísi en venjulega þar sem hóparnir fengu ekki að hittast líkt og við gerum á hverju ári en nemendur og starfsfólk var í búningum og dagurinn var góður í alla staði. Við hittumst öll úti í söng þennan dag og það tókst mjög vel og við ætlum að gera meira af því. Foreldrafélagið gaf til skólans snakk og safa og við þökkum kærlega fyrir það.

Samskiptadagar og skipulag þeirra var næst á dagskrá. Það eru þrír samskiptadagar á ári, október dagurinn snýst um skólabyrjun, líðan nem og markmið. Í febrúar er formlegt námsmat og að vori á skólaslitum er opið hús og vitnisburður afhentur. Rætt var um fjarfundar fyrirkomulag ársins og fundarmenn ánægðir með það. Foreldrar nefndu hvort að skólinn myndi bjóða upp á fjarfundi áfram á þessum dögum þó svo að covid verði farið. Bára sagði að það myndi verða skoðað og metið út frá reynslu ársins.

Öryggismál skólans voru næst á dagskrá. Skóla- og frístundasvið hefur gefið út öryggisáætlun fyrir grunnskóla og við erum að fara yfir hana og erum komin með nokkur atriði í vinnslu eins og að allir starfsmenn verði með merkispjald á sér alla daga og eins er unnið að merkingum á anddyrum skólans og áætlun með anddyrin hvenær þau eiga að vera opin og hvenær læst. Þetta tvennt verður komið í virkni á vordögum.

Skóladagatal 2021 – 2022 er í vinnslu, enn eiga fulltrúar frá öllum skólunum eftir að hittast og velja sameiginlegu dagana. Bára nefndi það við foreldrafélagið hvort þeir hefðu áhuga á því að setja sínar uppákomur og skipulag foreldrafélagsins inn á skóladagatalið og Stefán fulltrúi foreldrafélagsins ætlaði að skoða það með félaginu. Skóladagatalið verður svo lagt fyrir skólaráð annaðhvort í mars eða apríl. Stefán spurði út í það hvort nýjustu reglur um skólahald myndu leyfa viðburði. Skólastjórnendur munu skoða það út frá reglum Skóla – og frístundasviðs og hafa samband við foreldrafélagið í vikunni.

Ný reglugerð leyfir skólabúðaferð 7.bekkkjar sem er á áætlun 15. – 19. mars sem við fögnum mjög þar sem ekki var farið í fyrra. Ný reglugerð leyfir 150 nemendur og því líklegt að farið verði í skólabúðir núna í mars.

Starfsþróunarsamtöl eru hafin eða að hefjast hjá okkur og það sem af er þá er almenn ánægja t.d. með starfsánægju-starfsanda og samskipti. Nýtum okkur form snerpusamtala og ætluðum að vera með þrjú samtöl á ári en það er ekki raunhæft og stefnum á að vera með tvö.

Fundarritari:

Guðrún Bára Gunnarsdóttir